Hagtíðindi
Statistical Series

Mannfjöldi
Population

2004:3 • 16. júní 2004

# Hjúskapur, stofnun sambúðar, skilnaðir og sambúðarslit 2003

*Marriages, consensual unions and separations 2003*

*Samantekt*

Á árinu 2003 gengu 1.473 pör í hjónaband hér á landi. Tólf pör staðfestu samvist, jafn mörg pör karla og kvenna. Lögskilnaðir voru 531 og þrjú pör samkynhneigðra skildu að lögum. Giftingartíðni reiknuð sem fjöldi hjónavígslna af 1.000 íbúum var 5,1 og skilnaðartíðni 1,8. Giftingartíðni hefur verið háð allmiklum sveiflum á undanförnum áratugum. Aftur á móti er skilnaðartíðni mun jafnari; lítil breyting hefur orðið á tíðni lögskilnaða frá því um miðbik 8. áratugarins.

Langflest hjónabönd eiga sér stað að undangenginni óvígðri sambúð og samkvæmt upplýsingum á hjónavígsluskýrslum bjuggu nær níu af hverjum tíu hjónaefnum saman áður en þau festu ráð sitt. Árið 2003 skráðu 1.718 pör sig í óvígða sambúð hjá þjóðskrá. Stofnaðar sambúðir reiknast því vera heldur fleiri en hjónavígslur eða 5,9 af 1.000 íbúum. Tíðasti aldur áður ókvæntra karla við stofnun sambúðar var 25 ár árið 2003 samanborið við 24 ár meðal ógiftra kvenna. Tíðasti giftingaraldur ókvæntra karla var 30 ár og ógiftra kvenna 27 ár.

Nú er algengast að forsjá barna sé í höndum beggja foreldra eftir lögskilnað og sambúðarslit. Árið 2003 átti þetta við í 73,3% tilvika eftir sambúðarslit samanborið við 61,2% eftir lögskilnað. Í 36,3 % tilvika fór móðir með forsjá eftir lögskilnað og í 26,1% eftir sambúðarslit. Afar sjaldgæft er að faðir fari einn með forsjá.

**Mynd 1. Tíðni hjónavígslna og lögskilnaða 1961–2003**
*Figure 1. Marriage and divorce rate 1961–2003*




Hagstofa Íslands

## Hjónavígslur

Giftingartíðni nú 5,1 af 1.000 íbúum

Árið 2003 gengu 1.473 pör í hjónaband hér á landi. Tólf pör staðfestu samvist, jafn mörg pör karla og kvenna. Líkt og annars staðar á Norðurlöndum er giftingartíðni fremur lág hér á landi. Reiknuð sem fjöldi hjónavígslna af 1.000 íbúum var hún 5,1 árið 2003 samaborið við 5,7 árið á undan. Mynd 1 sýnir að giftingartíðni hefur verið háð allmiklum sveiflum á undanförnum áratugum. Á síðustu fimm árum 7. áratugarins var hún 8,2 af 1.000 íbúum. Verulega dró úr hjónavígslum upp úr 1970 og giftingartíðni náði sögulegu lágmarki í upphafi 10. áratugarins; giftingartíðni var aðeins 4,7 af 1.000 íbúum á árabilinu 1991-1995. Eftir það fjölgaði hjónavígslum og giftingartíðni náði hámarki árið 2000, var þá 6,3 af 1.000 íbúum. Síðan þá hefur giftingartíðni lækkað lítillega (tafla 1).

**Mynd 2. Fjöldi hjónavígslna eftir vígslumáta 1981–2003**
*Figure 2. Number of marriages by type of ceremony 1981–2003*




**Mynd 3. Fjöldi staðfestra samvista eftir kyni 1996–2003**
*Figure 3. Number of registered partnerships by sex 1996–2003*



Ekki er rétt að draga víðtækar ályktanir af miklum fjölda hjónavígslna árið 2000. Svo virðist sem allmörg pör í giftingarhugleiðingum hafi ákveðið að halda upp á aldamótin með því að ganga í það heilaga þetta ár. Í þessu sambandi vekur athygli að aukningin varð einkum í kirkjulegum vígslum en þeim fjölgaði um 16% milli ára (úr 1.311 árið 1999 í 1.518 árið 2000). Borgaralegum vígslum fjölgaði aðeins um 4% (úr 249 í 259) (mynd 2).

## Staðfest samvist

*Fleiri konur en karlar í staðfestri samvist hér á landi*

Lög um staðfesta samvist voru fyrst samþykkt í Danmörku árið 1989 og nokkru síðar á hinum Norðurlöndunum og í Hollandi. Hér á landi tóku lög um staðfesta samvist gildi árið 1996 (Lög um staðfesta samvist nr. 87, 12. júní 1996). Sem von er voru staðfestar samvistir langflestar það ár (21). Síðan þá hafa þær yfirleitt verið um 11–12 á ári. Árið 2003 staðfestu 12 pör samvist, jafn mörg pör karla og kvenna. Þegar á heildina er litið hafa heldur fleiri konur staðfest samvist (53) samanborið við 48 karla (tafla 6). Þetta stingur í stúf við reynsluna frá hinum Norðurlöndunum þar sem um það bil sex af hverjum tíu þeirra sem staðfest hafa samvist eru karlar.

## Óvígð sambúð

*Nær 90% hjónaefna í sambúð fyrir vígslu*

Hagstofa Íslands birtir nú í fyrsta sinn upplýsingar um óvígða sambúð (tafla 5 og töflur 13–21). Upplýsingar um óvígða sambúð eru fengnar með tvennum hætti. Í fyrsta lagi er um að ræða skráðar sambúðir hjá þjóðskrá, í annan stað eru upplýsingar um óvígða sambúð á hjónavígsluskýrslum en þar eru hjónaefni innt eftir því hvort þau hafi búið saman fyrir vígslu. Sem von er ber tölum úr þessum tveimur heimildaflokkum ekki saman þar sem nokkuð er um að fólk búi saman án þess að skrá það formlega hjá þjóðskrá. Óvígð sambúð er talsvert algengari hér á landi en fram kemur í tölum frá þjóðskrá. Samkvæmt upplýsingum af hjóna-vígsluskýrslum voru 89,9% þeirra sem gengu í hjónaband árið 2003 í sambúð áður en hjónavígsla fór fram (1.309) og voru 18,5% þessara sambúða ekki skráðar með formlegum hætti hjá þjóðskrá (242). Algengast er að pör gangi í hjónaband fljót-lega eftir að stofnað er til sambúðar; samkvæmt hjónavígsluskýrslum 2003 höfðu um fjögur af hverjum tíu hjónaefnum verið í sambúð minna en fjögur ár (mynd 4).

**Mynd 4. Lengd óvígðrar sambúðar þeirra sem gengu í hjónaband 2003**
*Figure 4. Duration of consensual union of those marrying in 2003*



*Árið 2003 skráðu 1.718 pör sig í sambúð*

Árið 2003 skráðu 1.718 pör sig í óvígða sambúð hjá þjóðskrá. Stofnaðar sambúðir reiknast því vera 5,9 af 1.000 íbúum. Sem fyrr segir var giftingartíðni (hjónavígslur af 1.000 íbúum) hér á landi 5,1 af 1.000. Það er því heldur algengara að fólk skrái sig í sambúð en giftist. Hér ber þó að hafa í huga að stór hluti þeirra sem skráir sig í sambúð gengur síðar í hjónaband.

## Giftingaraldur – aldur við stofnun sambúðar

*Meðalgiftingaraldur hækkar*

Tilvist óvígðrar sambúðar fyrir hjónaband hefur haft í för með sér fremur háan giftingaraldur hér á landi. En þótt ólíklegt verði að telja að mikil breyting hafi orðið á sambúðarmynstri fyrir giftingu á allra síðustu árum hefur giftingaraldur engu að síður hækkað umtalsvert. Árið 2003 var tíðasti giftingaraldur meðal áður ókvæntra karla 30 ár samanborið við 21 ár á árabilinu 1961–1965 (tafla 4). Tíðasti giftingar-

**Mynd 5. Aldursbundin giftingart. áður ógiftra 15–39 ára karla 1961–2003**
*Figure 5. Age-specific marriage rate of previously unmarried men 1961–2003*




**Mynd 6. Aldursbundin giftingart. áður ógiftra 15–39 ára kvenna 1961–2003**
*Figure 6. Age-specific marriage rate of previously unmarried women 1961–2003*



aldur ógiftra kvenna var þá 19 ár samanborið við 27 í dag. Það vekur athygli að þótt miklar breytingar hafi orðið á giftingaraldri hefur aldursbil hjónaefna haldist nær óbreytt. Brúðgumar hafa þannig verið rúmlega tveimur árum eldri en brúðir.

*Sífellt færri giftast fyrir þrítugt*

Mynd 5 sýnir að það heyrir nú til undantekninga að fólk undir tvítugu gangi í hjónaband. Á 7. áratugnum var aftur á móti fremur algengt að konur á þessum aldri giftust. Fram undir 1980 var giftingartíðni áður ógiftra hæst meðal kvenna á aldrinum 20–24 ára. Giftingum í þessum aldurshópi hefur fækkað til muna og nú er giftingartíðni áður ógiftra kvenna hæst í aldurshópunum 25–29 ára og 30–34 ára. Giftingartíðni meðal áður ókvæntra karla er hæst í aldurshópnum 30–34 ára samanborið við aldurshópinn 20–24 ára á árabilinu 1961–1975 og aldurshópinn 25–29 ára þar til um miðbik 10. áratugarins. Frá því um miðbik 9. áratugarins hefur giftingartíðni fólks í öllum aldurshópum yfir þrítugu hækkað, en lækkað meðal yngra fólks (myndir 5–6 og töflur 2–3).

*Aldursbil hjóna og sambúðarfólks*

Eins og við er að búast eru einstaklingar talsvert yngri við stofnun sambúðar en við stofnun hjúskapar. Árið 2003 var tíðasti aldur við stofnun sambúðar 25 ár meðal áður ógiftra karla og 24 ár meðal kvenna (tafla 15).

## Lok sambúðar – Lok hjónabands

*1.067 sambúðum lauk með hjónabandi 2003*

Eins og við var að búast lauk talsvert mörgum sambúðum með hjónavígslu. Samkvæmt þjóðskrá átti þetta við um 1.067 sambúðir á árinu 2003. Sambúðarslit á árinu 2003 voru 764 og 29 sambúðum lauk með andláti annars maka (21 með andláti karls og 8 með andláti konu) (tafla 16).

Að vonum lýkur hlutfallslega mun fleiri hjónaböndum en sambúðum með andláti maka. Á árinu 2003 átti þetta við um 670 hjónabönd; 428 lauk með andláti karls og 242 með andláti konu (tafla 7). Lögskilnaðir voru 531 og þrjú pör samkynhneigðra skildu að lögum (tafla 6).

**Mynd 7. Tíðni lögskilnaða á Norðurlöndum 1990–2003**
*Figure 7. Divorce rates in five Nordic countries 1990–2003*



**Mynd 8. Lengd hjónabands og sambúðar við lögsk. og sambúðarslit 2003**
*Figure 8. Divorces and dissolution of consensual union by duration of marriage/union 2003*




*Tíðni lögskilnaða lægri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum*

Samanburður á sambúðarslitum og lögskilnuðum leiðir í ljós nokkuð ólíkt mynstur. Í fyrsta lagi er talsvert algengara að fólk slíti sambúð en skilji að lögum og í öðru lagi vara hjónabönd lengur en óvígðar sambúðir. Tíðni sambúðarslita var 2,6 af 1.000 íbúum árið 2003 samanborið við 1,8 úr lögskilnuðum (töflur 7 og 16). Tíðni lögskilnaða hefur lítið sem ekkert breyst undanfarin þrjátíu ár, en á árabilinu 1961–1975 hækkaði tíðni lögskilnaða fremur ört. Samanborðið við hin Norðurlöndin er skilnaðartíðni hér á landi lág. Í Danmörku hefur skilnaðartíðni til að mynda verið á bilinu 2,7–2,8 á síðustu árum, eða nær þriðjungi hærri en hér á landi (mynd 7).

*Hjónabönd talsvert varanlegra sambúðarform en óvígð sambúð*

Algengast er að lögskilnaður fari fram á fyrstu árum hjónabands; 14,1% þeirra sem skildu að lögum höfðu verið giftir í minna en þrjú ár og 16,8% hjónabanda höfðu varað í 3–5 ár (tafla 10). Sem fyrr segir varir sambúð alla jafna skemur en hjónaband enda skilnaðarferli þar mun einfaldara. Í meira en helmingi tilvika (52,5%) hafði sambúð varað í minna en þrjú ár þegar henni var slitið (þ.e. þegar fólk skráði sig úr sambúð hjá þjóðskrá) og í 23,3% tilvika í 3–5 ár (tafla 19).

## Fjöldi barna og forsjá eftir sambúðarslit og lögskilnað

*809 pör með börn slitu sambúð eða skildu að lögum á árinu 2003*

Meðal þeirra 764 sambúðarslita sem urðu á árinu 2003 voru 479 fjölskyldur með börn undir 18 ára aldri og úr 531 lögskilnaði voru 330 barnafjölskyldur (töflur 11 og 20). Mynd 8 sýnir að hlutfallslega jafn mörg pör sem skildu að lögum og þeirra sem slitu sambúð voru barnlaus (37,9% para úr lögskilnuðum og 37,3% úr sambúðarslitum). Aftur á móti eiga foreldrar sem skilja að lögum jafnan fleiri börn en pör sem slíta sambúð.

*Algengast að foreldrar fari sameiginlega með forsjá barna*

Árið 2003 skildu foreldrar 593 barna að lögum. Börn sambúðarfólks sem slitu samvistum voru 680 talsins (töflur 12 og 219. Frá árinu 1992 hafa foreldrar hér á landi átt þess kost að fara sameiginlega með forsjá barna sinna eftir skilnað og á allra síðustu árum hefur færst í vöxt að foreldarar nýti sér þetta fyrirkomulag. Framan af var algengast að móðir færi ein með forsjá; árið 1994 átti þetta við um 70,6% barna. Það ár var sameiginleg forsjá valin í einungis 22,8% tilvika. Undanfarin þrjú ár hefur verið algengast að forsjá sé í höndum beggja foreldra og

árið 2003 átti þetta við um 61,2% barna úr lögskilnuðum (sjá mynd 10). Sameiginleg forsjá er talsvert algengari eftir sambúðarslit en eftir lögskilnað; árið 2003 var sameiginleg forsjá valin í nær þremur af hverjum fjórum tilvikum (73,4%).

**Mynd 9. Fjöldi barna úr lögskilnuðum og sambúðarslitum 2003**
*Figure 9. Dependent children from dissolved consensual unions and divorces 2003*




**Mynd 10. Forsjá barna úr lögskilnuðum og sambúðarslitum 1994–2003**
*Figure 10. Custody of children after divorce and dissolution of consensual union 1994–2003*



## English summary

In 2003 1,473 couples got married in Iceland. Furthermore, there were twelve registered partnerships, six female and six male couples. The number of divorces was 531. As in the other Nordic countries marriage rate is rather low in Iceland. The marriage rate was 5.1 per 1,000 population in 2003 compared to 5.7 in 2002. The divorce rate was 1.8 per 1,000 which is considerably lower than in all the other Nordic countries.

Most couples in Iceland marry after having lived together in a consensual union for a few years. Of those marrying in 2003, nearly 90 per cent had lived together prior to marriage. In 2003, 1,718 reported consensual union at the National registry. Not surprisingly, the mean and modal age of those entering a consensual union was considerably lower than mean and modal age at marriage. Mean age at first marriage was 33.0 years for men and 30.8 years for women, compared to a mean age of 27.9 years for unmarried men and 26.1 years for women in the case of consensual unions.

A total of 1,273 children experienced divorce or dissolution of consensual union of their parents in 2003. Currently, it is most common that parents share the custody of their children. In the case of divorce, common custody was chosen in 61.2 per cent of all children and in 73.4 per cent of all children after dissolution of consensual union.

**Tafla 1. Hjónavígslur eftir vígslumáta og fyrri hjúskaparstétt brúðhjóna 1951–2003**
*Table 1. Marriages by type of marriage ceremony and previous marital status of spouses 1951–2003*

| | | | Vígslumáti[1] *Type of marriage ceremony*[1] | | Fyrri hjúskaparstétt brúðhjóna *Previous marital status of spouses* | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | Brúðgumar *Bridegrooms* | | | Brúðir *Brides* | | |
| | Alls *Total* | Miðað við 1.000 íbúa *Per 1,000 population* | Kirkjulegar vígslur *Ecclesiastic marriages* | Borgaralegar vígslur *Civil marriages* | Ókvæntir *Single* | Ekklar *Widowed* | Skildir að lögum *Divorced* | Ógiftar *Single* | Ekkjur *Widowed* | Skildar að lögum *Divorced* |
| **Árleg meðaltöl** | | | | | | | | | | |
| ***Annual means*** | | | | | | | | | | |
| 1951–1955 | 1.253 | 8,3 | 1.178 | 75 | 1.154 | 28 | 71 | 1.166 | 23 | 65 |
| 1956–1960 | 1.327 | 7,9 | 1.236 | 91 | 1.219 | 22 | 87 | 1.232 | 24 | 71 |
| 1961–1965 | 1.458 | 7,9 | 1.379 | 79 | 1.338 | 24 | 96 | 1.352 | 24 | 82 |
| 1966–1970 | 1.650 | 8,2 | 1.556 | 94 | 1.515 | 20 | 115 | 1.515 | 27 | 108 |
| 1971–1975 | 1.730 | 8,2 | 1.552 | 178 | 1.537 | 23 | 170 | 1.530 | 28 | 172 |
| 1976–1980 | 1.511 | 6,7 | 1.281 | 230 | 1.310 | 16 | 185 | 1.303 | 19 | 189 |
| 1981–1985 | 1.344 | 5,7 | 1.109 | 236 | 1.143 | 12 | 188 | 1.138 | 14 | 192 |
| 1986–1990 | 1.203 | 4,8 | 1.041 | 162 | 1.002 | 14 | 187 | 1.008 | 12 | 183 |
| 1991–1995 | 1.249 | 4,7 | 1.103 | 145 | 1.028 | 12 | 209 | 1.044 | 17 | 188 |
| 1996–2000 | 1.539 | 5,6 | 1.306 | 233 | 1.259 | 17 | 263 | 1.269 | 18 | 252 |
| 1981 | 1.357 | 5,9 | 1.120 | 237 | 1.163 | 11 | 183 | 1.149 | 20 | 188 |
| 1982 | 1.303 | 5,6 | 1.081 | 222 | 1.128 | 12 | 163 | 1.099 | 16 | 188 |
| 1983 | 1.396 | 5,9 | 1.161 | 235 | 1.186 | 15 | 195 | 1.189 | 10 | 197 |
| 1984 | 1.413 | 5,9 | 1.148 | 265 | 1.191 | 15 | 207 | 1.170 | 15 | 228 |
| 1985 | 1.252 | 5,2 | 1.033 | 219 | 1.049 | 9 | 194 | 1.082 | 10 | 160 |
| 1986 | 1.229 | 5,1 | 1.048 | 181 | 1.031 | 10 | 188 | 1.031 | 9 | 189 |
| 1987 | 1.160 | 4,7 | 1.000 | 160 | 957 | 17 | 186 | 974 | 8 | 178 |
| 1988 | 1.294 | 5,2 | 1.122 | 172 | 1.093 | 12 | 189 | 1.109 | 12 | 173 |
| 1989 | 1.176 | 4,7 | 1.017 | 159 | 973 | 13 | 190 | 987 | 14 | 175 |
| 1990 | 1.154 | 4,5 | 1.016 | 138 | 955 | 16 | 183 | 938 | 18 | 198 |
| 1991 | 1.236 | 4,8 | 1.093 | 143 | 1.016 | 13 | 207 | 1.036 | 19 | 181 |
| 1992 | 1.241 | 4,8 | 1.084 | 157 | 1.041 | 14 | 186 | 1.046 | 13 | 182 |
| 1993 | 1.219 | 4,6 | 1.102 | 117 | 987 | 11 | 221 | 1.024 | 17 | 178 |
| 1994 | 1.310 | 4,9 | 1.151 | 159 | 1.072 | 12 | 226 | 1.079 | 21 | 210 |
| 1995 | 1.238 | 4,6 | 1.087 | 151 | 1.023 | 12 | 203 | 1.034 | 15 | 189 |
| 1996 | 1.349 | 5,0 | 1.161 | 188 | 1.117 | 15 | 217 | 1.113 | 16 | 220 |
| 1997 | 1.481 | 5,4 | 1.229 | 252 | 1.201 | 21 | 259 | 1.206 | 15 | 260 |
| 1998 | 1.529 | 5,5 | 1.312 | 217 | 1.247 | 16 | 266 | 1.269 | 16 | 244 |
| 1999 | 1.560 | 5,6 | 1.311 | 249 | 1.264 | 13 | 283 | 1.286 | 22 | 252 |
| 2000 | 1.777 | 6,3 | 1.518 | 259 | 1.467 | 18 | 292 | 1.471 | 23 | 283 |
| 2001 | 1.484 | 5,2 | 1.200 | 284 | 1.209 | 17 | 258 | 1.231 | 19 | 234 |
| 2002 | 1.652 | 5,7 | 1.355 | 297 | 1.371 | 18 | 263 | 1.382 | 14 | 256 |
| 2003 [2] | 1.473 | 5,1 | 1.214 | 259 | 1.202 | 20 | 250 | 1.246 | 10 | 216 |

[1] Ef vígslumáti er ótilgreindur telst hjónavígslan með kirkjulegum vígslum. *Ecclesiastic marriages include marriages where type of ceremony is not specified.*
[2] Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*

**Tafla 2. Hjónavígslur eftir aldri brúðhjóna 1971–2003**

*Table 2. Marriages by age of spouses 1971–2003*

| | Alls *Total* | 15–19 ára *years* | 20–24 ára *years* | 25–29 ára *years* | 30–34 ára *years* | 35–39 ára *years* | 40–44 ára *years* | 45–49 ára *years* | 50–54 ára *years* | 55–59 ára *years* | 60 ára og eldri *60 years and over* | Ótilgr. aldur *Age not specified* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Brúðgumar** *Bridegrooms* | | | | | | | | | | | | |
| **Árleg meðaltöl** ***Annual means*** | | | | | | | | | | | | |
| 1971–1975 | 1.730 | 91 | 974 | 377 | 115 | 56 | 39 | 25 | 20 | 13 | 19 | – |
| 1976–1980 | 1.511 | 58 | 773 | 378 | 139 | 64 | 35 | 28 | 16 | 8 | 12 | – |
| 1981–1985 | 1.344 | 29 | 528 | 446 | 166 | 76 | 37 | 24 | 15 | 10 | 12 | – |
| 1986–1990 | 1.203 | 11 | 287 | 469 | 219 | 89 | 46 | 29 | 23 | 18 | 11 | 0 |
| 1991–1995 | 1.249 | 5 | 180 | 432 | 289 | 155 | 80 | 48 | 23 | 17 | 20 | 0 |
| 1996–2000 | 1.539 | 3 | 122 | 422 | 393 | 260 | 131 | 92 | 58 | 24 | 33 | 0 |
| 1971 | 1.624 | 103 | 896 | 343 | 110 | 66 | 43 | 16 | 19 | 14 | 14 | – |
| 1972 | 1.692 | 94 | 952 | 371 | 116 | 51 | 30 | 22 | 20 | 14 | 22 | – |
| 1973 | 1.753 | 87 | 1.019 | 377 | 100 | 43 | 42 | 30 | 18 | 16 | 21 | – |
| 1974 | 1.891 | 97 | 1.028 | 429 | 121 | 73 | 46 | 39 | 28 | 12 | 18 | – |
| 1975 | 1.689 | 76 | 976 | 365 | 129 | 46 | 34 | 18 | 15 | 10 | 20 | – |
| 1976 | 1.645 | 86 | 876 | 392 | 129 | 52 | 40 | 30 | 20 | 12 | 8 | – |
| 1977 | 1.568 | 57 | 852 | 368 | 131 | 71 | 29 | 24 | 12 | 8 | 16 | – |
| 1978 | 1.585 | 55 | 804 | 407 | 144 | 77 | 33 | 28 | 16 | 10 | 11 | – |
| 1979 | 1.451 | 44 | 719 | 380 | 143 | 57 | 43 | 29 | 18 | 5 | 13 | – |
| 1980 | 1.306 | 46 | 612 | 345 | 146 | 65 | 30 | 29 | 14 | 6 | 13 | – |
| 1981 | 1.357 | 34 | 635 | 385 | 144 | 62 | 35 | 24 | 19 | 9 | 10 | – |
| 1982 | 1.303 | 31 | 565 | 423 | 130 | 71 | 25 | 23 | 14 | 7 | 14 | – |
| 1983 | 1.396 | 28 | 526 | 477 | 187 | 74 | 40 | 28 | 14 | 12 | 10 | – |
| 1984 | 1.413 | 37 | 495 | 477 | 195 | 93 | 44 | 27 | 19 | 11 | 15 | – |
| 1985 | 1.252 | 17 | 419 | 467 | 176 | 80 | 42 | 18 | 11 | 11 | 11 | – |
| 1986 | 1.229 | 21 | 339 | 498 | 182 | 90 | 33 | 22 | 21 | 15 | 8 | – |
| 1987 | 1.160 | 9 | 280 | 449 | 210 | 95 | 44 | 23 | 13 | 22 | 15 | – |
| 1988 | 1.294 | 11 | 335 | 494 | 218 | 103 | 51 | 27 | 25 | 20 | 10 | – |
| 1989 | 1.176 | 10 | 264 | 445 | 245 | 76 | 51 | 36 | 29 | 10 | 9 | 1 |
| 1990 | 1.154 | 5 | 219 | 459 | 239 | 82 | 50 | 36 | 25 | 25 | 14 | – |
| 1991 | 1.236 | 6 | 223 | 473 | 252 | 120 | 67 | 37 | 19 | 22 | 17 | – |
| 1992 | 1.241 | 3 | 196 | 468 | 257 | 144 | 68 | 49 | 21 | 11 | 24 | – |
| 1993 | 1.219 | 8 | 165 | 417 | 305 | 142 | 88 | 43 | 16 | 18 | 17 | – |
| 1994 | 1.310 | 3 | 176 | 392 | 330 | 189 | 94 | 54 | 36 | 23 | 13 | – |
| 1995 | 1.238 | 3 | 139 | 410 | 303 | 180 | 82 | 56 | 24 | 13 | 27 | 1 |
| 1996 | 1.349 | 1 | 140 | 409 | 349 | 195 | 101 | 61 | 40 | 20 | 32 | 1 |
| 1997 | 1.481 | 3 | 124 | 371 | 382 | 268 | 116 | 97 | 64 | 16 | 40 | – |
| 1998 | 1.529 | 4 | 115 | 420 | 385 | 277 | 132 | 84 | 53 | 30 | 29 | – |
| 1999 | 1.560 | 4 | 115 | 433 | 388 | 260 | 140 | 109 | 56 | 27 | 28 | – |
| 2000 | 1.777 | 5 | 117 | 477 | 459 | 300 | 167 | 108 | 77 | 29 | 37 | 1 |
| 2001 | 1.484 | 4 | 113 | 419 | 356 | 225 | 127 | 92 | 56 | 42 | 48 | 2 |
| 2002 | 1.652 | 3 | 125 | 441 | 406 | 264 | 162 | 104 | 59 | 49 | 39 | – |
| 2003 [1] | 1.473 | 3 | 108 | 344 | 386 | 258 | 161 | 81 | 57 | 32 | 43 | – |

Tafla 2. Hjónavígslur eftir aldri brúðhjóna 1971–2003 (frh.)
*Table 2. Marriages by age of spouses 1971–2003 (cont.)*

| | Alls *Total* | 15–19 ára *years* | 20–24 ára *years* | 25–29 ára *years* | 30–34 ára *years* | 35–39 ára *years* | 40–44 ára *years* | 45–49 ára *years* | 50–54 ára *years* | 55–59 ára *years* | 60 ára og eldri *60 years and over* | Ótilgr. aldur *Age not specified* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Brúðir** *Brides* | | | | | | | | | | | | |
| **Árleg meðaltöl** ***Annual means*** | | | | | | | | | | | | |
| 1971–1975 | 1.730 | 369 | 919 | 236 | 80 | 43 | 29 | 21 | 13 | 8 | 11 | 0 |
| 1976–1980 | 1.511 | 252 | 812 | 254 | 81 | 45 | 27 | 21 | 9 | 5 | 6 | 0 |
| 1981–1985 | 1.344 | 124 | 658 | 336 | 112 | 48 | 28 | 16 | 10 | 5 | 7 | 0 |
| 1986–1990 | 1.203 | 43 | 448 | 413 | 156 | 57 | 38 | 22 | 13 | 8 | 5 | – |
| 1991–1995 | 1.249 | 27 | 296 | 467 | 227 | 111 | 58 | 28 | 16 | 11 | 9 | – |
| 1996–2000 | 1.539 | 24 | 237 | 504 | 331 | 211 | 106 | 59 | 33 | 19 | 14 | 0 |
| 1971 | 1.624 | 360 | 874 | 211 | 60 | 36 | 31 | 24 | 12 | 6 | 10 | – |
| 1972 | 1.692 | 385 | 875 | 238 | 82 | 37 | 24 | 20 | 9 | 10 | 11 | 1 |
| 1973 | 1.753 | 378 | 933 | 238 | 71 | 46 | 32 | 19 | 17 | 7 | 12 | – |
| 1974 | 1.891 | 393 | 960 | 279 | 97 | 58 | 35 | 28 | 21 | 8 | 12 | – |
| 1975 | 1.689 | 327 | 951 | 215 | 92 | 38 | 25 | 16 | 8 | 8 | 9 | – |
| 1976 | 1.645 | 310 | 906 | 235 | 84 | 30 | 28 | 26 | 12 | 7 | 7 | – |
| 1977 | 1.568 | 301 | 828 | 245 | 86 | 40 | 32 | 23 | 2 | 5 | 4 | 2 |
| 1978 | 1.585 | 239 | 844 | 293 | 88 | 50 | 28 | 19 | 9 | 9 | 6 | – |
| 1979 | 1.451 | 234 | 773 | 252 | 77 | 55 | 24 | 17 | 12 | 1 | 6 | – |
| 1980 | 1.306 | 174 | 708 | 247 | 68 | 48 | 24 | 19 | 9 | 1 | 8 | – |
| 1981 | 1.357 | 161 | 721 | 275 | 93 | 43 | 27 | 17 | 7 | 3 | 9 | 1 |
| 1982 | 1.303 | 144 | 673 | 284 | 94 | 49 | 20 | 10 | 13 | 6 | 10 | – |
| 1983 | 1.396 | 125 | 665 | 367 | 123 | 42 | 32 | 18 | 10 | 8 | 6 | – |
| 1984 | 1.413 | 107 | 657 | 385 | 128 | 61 | 35 | 17 | 11 | 7 | 5 | – |
| 1985 | 1.252 | 81 | 573 | 368 | 124 | 46 | 25 | 19 | 9 | 3 | 4 | – |
| 1986 | 1.229 | 67 | 514 | 380 | 147 | 58 | 24 | 19 | 12 | 3 | 5 | – |
| 1987 | 1.160 | 41 | 444 | 396 | 139 | 53 | 42 | 11 | 14 | 11 | 9 | – |
| 1988 | 1.294 | 47 | 494 | 456 | 170 | 45 | 35 | 26 | 9 | 8 | 4 | – |
| 1989 | 1.176 | 39 | 405 | 417 | 162 | 65 | 42 | 24 | 11 | 9 | 2 | – |
| 1990 | 1.154 | 20 | 383 | 418 | 161 | 65 | 46 | 30 | 18 | 7 | 6 | – |
| 1991 | 1.236 | 36 | 351 | 483 | 175 | 88 | 48 | 19 | 17 | 10 | 9 | – |
| 1992 | 1.241 | 28 | 312 | 487 | 217 | 91 | 50 | 27 | 10 | 10 | 9 | – |
| 1993 | 1.219 | 19 | 300 | 459 | 232 | 97 | 59 | 21 | 14 | 11 | 7 | – |
| 1994 | 1.310 | 22 | 267 | 467 | 266 | 128 | 79 | 42 | 15 | 16 | 8 | – |
| 1995 | 1.238 | 28 | 249 | 438 | 247 | 149 | 56 | 29 | 22 | 10 | 10 | – |
| 1996 | 1.349 | 16 | 262 | 489 | 258 | 156 | 75 | 41 | 27 | 16 | 9 | – |
| 1997 | 1.481 | 20 | 220 | 438 | 350 | 210 | 116 | 60 | 33 | 14 | 19 | 1 |
| 1998 | 1.529 | 23 | 216 | 503 | 356 | 224 | 92 | 46 | 33 | 21 | 15 | – |
| 1999 | 1.560 | 31 | 226 | 501 | 330 | 223 | 112 | 68 | 37 | 20 | 11 | 1 |
| 2000 | 1.777 | 30 | 259 | 590 | 361 | 244 | 136 | 79 | 37 | 23 | 18 | – |
| 2001 | 1.484 | 25 | 240 | 505 | 291 | 175 | 112 | 65 | 35 | 13 | 22 | 1 |
| 2002 | 1.652 | 29 | 238 | 500 | 370 | 223 | 136 | 70 | 36 | 28 | 22 | – |
| 2003 [1] | 1.473 | 11 | 205 | 456 | 338 | 217 | 109 | 59 | 32 | 22 | 24 | – |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*

**Tafla 3. Aldursbundin giftingartíðni eftir fyrri hjúskaparstétt 1961–2003**
*Table 3. Age-specific marriage rates by previous marital status 1961–2003*

| | Giftir árlega af 1.000 utan hjónab. í hverjum aldursflokki *Married annually per 1,000 pop. not married* | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 15 ára og eldri *15 years and over* | 15–19 ára *years* | 20–24 ára *years* | 25–29 ára *years* | 30–34 ára *years* | 35–39 ára *years* | 40–44 ára *years* | 45–49 ára *years* | 50–54 ára *years* | 55–59 ára *years* | 60 ára og eldri *60 years and over* |
| **Karlar** *Males* | | | | | | | | | | | |
| **Alls** *Total* | | | | | | | | | | | |
| 1961–1965 | 54,0 | 10,0 | 147,0 | 147,0 | 90,0 | 57,0 | 36,0 | 24,0 | 18,0 | 12,0 | 4,0 |
| 1966–1970 | 57,0 | 12,0 | 159,0 | 151,0 | 89,0 | 54,0 | 34,0 | 23,0 | 17,0 | 12,0 | 3,0 |
| 1971–1975 | 55,0 | 8,0 | 144,0 | 143,0 | 86,0 | 51,0 | 34,0 | 23,0 | 18,0 | 13,0 | 4,0 |
| 1976–1980 | 42,0 | 5,0 | 94,0 | 107,0 | 73,0 | 53,0 | 33,0 | 24,0 | 15,0 | 7,0 | 3,0 |
| 1981–1985 | 33,0 | 3,0 | 54,0 | 83,0 | 59,0 | 43,0 | 30,0 | 22,0 | 13,0 | 9,0 | 2,0 |
| 1986–1990 | 24,0 | 1,0 | 28,0 | 62,0 | 44,0 | 26,0 | 18,0 | 15,0 | 13,0 | 10,0 | 2,0 |
| 1991–1995 | 24,1 | 0,4 | 17,7 | 52,5 | 49,7 | 39,6 | 29,9 | 24,7 | 16,6 | 14,3 | 3,4 |
| 1996–2000 | 27,1 | 0,3 | 11,8 | 49,4 | 61,3 | 53,8 | 35,9 | 34,8 | 28,8 | 16,9 | 5,6 |
| 2001 | 24,7 | 0,4 | 10,4 | 45,1 | 55,0 | 43,7 | 30,2 | 29,3 | 23,6 | 23,6 | 7,8 |
| 2002 | 27,2 | 0,3 | 11,3 | 47,9 | 62,2 | 49,5 | 38,0 | 30,3 | 23,9 | 26,0 | 6,2 |
| 2003 [1] | 23,9 | 0,3 | 9,7 | 38,6 | 57,6 | 48,8 | 36,6 | 22,6 | 22,3 | 15,9 | 6,7 |
| **Áður ókvæntir** *Previously single* | | | | | | | | | | | |
| 1961–1965 | 57,0 | 10,0 | 147,0 | 145,0 | 82,0 | 49,0 | 29,0 | 18,0 | 13,0 | 8,0 | 3,0 |
| 1966–1970 | 59,0 | 12,0 | 159,0 | 145,0 | 79,0 | 42,0 | 23,0 | 14,0 | 10,0 | 6,0 | 3,0 |
| 1971–1975 | 55,0 | 8,0 | 143,0 | 133,0 | 67,0 | 34,0 | 21,0 | 10,0 | 9,0 | 6,0 | 3,0 |
| 1976–1980 | 42,0 | 5,0 | 93,0 | 103,0 | 59,0 | 34,0 | 14,0 | 12,0 | 5,0 | 3,0 | 1,0 |
| 1981–1985 | 33,0 | 3,0 | 54,0 | 81,0 | 51,0 | 29,0 | 17,0 | 9,0 | 5,0 | 2,0 | 1,0 |
| 1986–1990 | 25,0 | 1,0 | 28,0 | 64,0 | 47,0 | 26,0 | 14,0 | 8,0 | 6,0 | 5,0 | 1,0 |
| 1991–1995 | 23,6 | 0,4 | 17,6 | 52,4 | 48,4 | 36,1 | 21,0 | 14,0 | 6,8 | 5,7 | 2,5 |
| 1996–2000 | 26,4 | 0,3 | 11,7 | 49,6 | 61,8 | 52,1 | 30,8 | 22,4 | 16,1 | 9,3 | 3,3 |
| 2001 | 23,9 | 0,4 | 10,3 | 44,8 | 55,7 | 42,9 | 25,1 | 22,1 | 8,6 | 14,3 | 3,9 |
| 2002 | 26,9 | 0,3 | 11,3 | 48,0 | 61,7 | 48,0 | 34,2 | 28,3 | 16,0 | 11,2 | 3,4 |
| 2003 [1] | 23,4 | 0,3 | 9,4 | 38,3 | 56,4 | 48,9 | 32,3 | 18,3 | 13,6 | 4,6 | 2,1 |
| **Áður kvæntir** *Previously married* | | | | | | | | | | | |
| 1961–1965 | 36,0 | … | 184,0 | 200,0 | 177,0 | 114,0 | 79,0 | 55,0 | 36,0 | 26,0 | 6,0 |
| 1966–1970 | 40,0 | … | 247,0 | 271,0 | 167,0 | 126,0 | 91,0 | 66,0 | 46,0 | 31,0 | 3,0 |
| 1971–1975 | 51,0 | … | 307,0 | 284,0 | 217,0 | 120,0 | 83,0 | 66,0 | 47,0 | 30,0 | 6,0 |
| 1976–1980 | 44,0 | … | 135,0 | 163,0 | 144,0 | 113,0 | 80,0 | 52,0 | 40,0 | 17,0 | 4,0 |
| 1981–1985 | 36,0 | … | 87,0 | 102,0 | 96,0 | 80,0 | 53,0 | 45,0 | 26,0 | 21,0 | 3,0 |
| 1986–1990 | 30,0 | … | 36,0 | 74,0 | 64,0 | 53,0 | 42,0 | 38,0 | 36,0 | 27,0 | 3,0 |
| 1991–1995 | 27,2 | … | 88,9 | 56,5 | 60,5 | 51,4 | 44,6 | 36,6 | 25,8 | 22,7 | 4,2 |
| 1996–2000 | 30,7 | … | 46,9 | 41,5 | 54,4 | 61,5 | 47,9 | 51,1 | 39,9 | 22,7 | 7,1 |
| 2001 | 28,5 | … | 90,9 | 64,5 | 43,1 | 48,2 | 43,7 | 41,0 | 38,0 | 30,7 | 10,1 |
| 2002 | 28,5 | … | – | 43,1 | 70,8 | 58,3 | 48,7 | 33,7 | 32,1 | 37,1 | 7,9 |
| 2003 [1] | 26,8 | … | … | 58,8 | 80,6 | 48,2 | 49,4 | 29,7 | 31,7 | 24,4 | 9,3 |

Tafla 3. Aldursbundin giftingartíðni eftir fyrri hjúskaparstétt 1961–2003 (frh.)
*Table 3. Age-specific marriage rates by previous marital status 1961–2003 (cont.)*

| | Giftir árlega af hverjum 1.000 utan hjónab. í hverjum aldursflokki *Married annually per 1,000 pop. not married* | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 15 ára og eldri *15 years and over* | 15–19 ára *years* | 20–24 ára *years* | 25–29 ára *years* | 30–34 ára *years* | 35–39 ára *years* | 40–44 ára *years* | 45–49 ára *years* | 50–54 ára *years* | 55–59 ára *years* | 60 ára og eldri *60 years and over* |
| **Konur** *Females* | | | | | | | | | | | |
| **Alls** *Total* | | | | | | | | | | | |
| 1961–1965 | 55,0 | 52,0 | 204,0 | 155,0 | 75,0 | 47,0 | 30,0 | 17,0 | 11,0 | 5,0 | 1,0 |
| 1966–1970 | 58,0 | 49,0 | 210,0 | 171,0 | 86,0 | 50,0 | 29,0 | 19,0 | 11,0 | 5,0 | 1,0 |
| 1971–1975 | 56,0 | 37,0 | 206,0 | 155,0 | 93,0 | 52,0 | 31,0 | 21,0 | 11,0 | 5,0 | 1,0 |
| 1976–1980 | 43,0 | 24,0 | 135,0 | 111,0 | 67,0 | 51,0 | 31,0 | 20,0 | 7,0 | 3,0 | 1,0 |
| 1981–1985 | 33,0 | 12,0 | 83,0 | 87,0 | 58,0 | 38,0 | 28,0 | 16,0 | 8,0 | 4,0 | 1,0 |
| 1986–1990 | 26,0 | 4,0 | 50,0 | 72,0 | 47,0 | 28,0 | 26,0 | 19,0 | 11,0 | 5,0 | – |
| 1991–1995 | 23,9 | 2,6 | 31,6 | 67,3 | 48,5 | 34,5 | 26,3 | 16,5 | 11,6 | 8,3 | 0,8 |
| 1996–2000 | 26,7 | 2,3 | 24,2 | 68,3 | 61,7 | 50,7 | 33,6 | 24,4 | 17,9 | 12,5 | 1,2 |
| 2001 | 24,3 | 2,4 | 23,2 | 61,8 | 55,4 | 38,5 | 30,3 | 22,0 | 15,7 | 7,1 | 2,0 |
| 2002 | 26,8 | 2,9 | 22,8 | 62,0 | 68,5 | 47,8 | 35,3 | 22,3 | 15,0 | 14,4 | 1,9 |
| 2003 [1] | 23,6 | 1,1 | 19,7 | 58,4 | 60,5 | 46,2 | 27,4 | 18,0 | 12,6 | 10,7 | 2,0 |
| **Áður ógiftar** *Previously single* | | | | | | | | | | | |
| 1961–1965 | 70,0 | 52,0 | 204,0 | 157,0 | 72,0 | 45,0 | 24,0 | 14,0 | 11,0 | 4,0 | 1,0 |
| 1966–1970 | 73,0 | 49,0 | 207,0 | 165,0 | 78,0 | 46,0 | 23,0 | 13,0 | 9,0 | 5,0 | 1,0 |
| 1971–1975 | 69,0 | 37,0 | 203,0 | 141,0 | 73,0 | 36,0 | 19,0 | 11,0 | 6,0 | 4,0 | 1,0 |
| 1976–1980 | 52,0 | 23,0 | 134,0 | 101,0 | 48,0 | 27,0 | 16,0 | 9,0 | 3,0 | 2,0 | 1,0 |
| 1981–1985 | 40,0 | 12,0 | 82,0 | 84,0 | 43,0 | 25,0 | 14,0 | 4,0 | 2,0 | 2,0 | 1,0 |
| 1986–1990 | 31,0 | 4,0 | 50,0 | 70,0 | 43,0 | 20,0 | 14,0 | 9,0 | 4,0 | 2,0 | – |
| 1991–1995 | 28,1 | 2,6 | 31,3 | 68,0 | 47,3 | 30,7 | 18,2 | 8,8 | 6,9 | 2,6 | 1,1 |
| 1996–2000 | 30,7 | 2,3 | 24,0 | 68,2 | 61,2 | 48,8 | 29,8 | 19,3 | 7,2 | 5,6 | 2,1 |
| 2001 | 28,0 | 2,4 | 22,9 | 61,0 | 54,5 | 35,5 | 28,2 | 15,3 | 9,3 | 6,6 | 1,9 |
| 2002 | 31,1 | 2,9 | 22,7 | 61,7 | 68,2 | 48,5 | 32,8 | 15,8 | 10,3 | 4,3 | 2,4 |
| 2003 [1] | 27,9 | 1,1 | 19,6 | 58,5 | 60,3 | 45,7 | 25,0 | 18,5 | 11,2 | 3,7 | 1,4 |
| **Áður giftar** *Previously married* | | | | | | | | | | | |
| 1961–1965 | 15,0 | … | 214,0 | 139,0 | 88,0 | 55,0 | 42,0 | 22,0 | 12,0 | 6,0 | 1,0 |
| 1966–1970 | 18,0 | … | 346,0 | 209,0 | 109,0 | 58,0 | 43,0 | 30,0 | 15,0 | 5,0 | 1,0 |
| 1971–1975 | 24,0 | … | 292,0 | 227,0 | 143,0 | 76,0 | 47,0 | 34,0 | 16,0 | 6,0 | 1,0 |
| 1976–1980 | 21,0 | … | 176,0 | 166,0 | 108,0 | 81,0 | 45,0 | 30,0 | 11,0 | 4,0 | 1,0 |
| 1981–1985 | 18,0 | … | 113,0 | 107,0 | 96,0 | 54,0 | 39,0 | 23,0 | 12,0 | 5,0 | 1,0 |
| 1986–1990 | 15,0 | … | 81,0 | 86,0 | 58,0 | 40,0 | 35,0 | 24,0 | 14,0 | 7,0 | 1,0 |
| 1991–1995 | 13,6 | … | 78,9 | 55,7 | 54,3 | 42,0 | 34,1 | 20,5 | 13,4 | 10,5 | 0,7 |
